

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, allsherjarnefnd
vt. Elín Valdís Þorsteinsdóttir
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. október 2009 02-2009100796
T-ums 37/09


**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum um
nauðungarsölu nr. 90/1991, með síðari breytingum, - 90. mál, þskj. nr. 92.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 27. október 2009 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um nauðungarsölu nr. 90/1991, - 90. mál, þskj. 92.

Í frumvarpinu er lagt til að sýslumanni beri að verða við ósk gerðarþola um að fresta fram yfir 31. janúar 2010 ákvörðun um framhald uppboðs eða ráðstöfunar eignar á almennum markaði ef leitað er nauðungarsölu á grundvelli 6. gr. laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu. Skilyrði er að gerðarþoli nýti umrætt húsnæði sem heimili og hafi þar skráð lögheimili enda sé um að ræða húsnæði sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- eða byggingaryfirvalda.

Ríkisskattstjóri telur ekki ástæðu til að gera athugasemd við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þorðarson


Guðrún J. Jónsdóttir